

Eyja- og Miklaholtshreppur,
Eggert Kjartansson, oddviti
Hofsstöðum
311 BORGARNES

Garðabær, 16. apríl 2019
2019030015/42-0
OKV, SBR, TB
tb

Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 11. mars sl., sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps auglýsir eftir athugasemdum við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins, 2018-2038.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu og meðfylgjandi er umsögn / fylgiskjal með helstu athugasemdum stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, fylgiskjal 1, dagsett 16. apríl 2019.





Umsögn um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps

Samantekt

Mikið er af svæðum sem falla innan 61. gr. Náttúruverndarlaga innan marka Eyja- og Miklaholtshrepps og ber því sveitarfélaginu skylda til að huga að þeim svæðum og raska ekki nema brýna nauðsyn beri til. Tekið er fram í endurskoðuðu aðalskipulagi fyrir nokkur skilgreind nýtingarsvæði að raska sem minnstu af vernduðum vistgerðum eða gæta að umferð valdi ekki óhóflegu álagi. Slíkt orðalag er fremur ónákvæmt og til þess fallið að skerða ekki nýtingarmoguleika fremur en að verndun náttúrunnar, lífríkis og jarðminja, sé hofð að leiðarljósi. Rétt er að benda á að í morgum tilfellum er vel hægt að viðhalda somu moguleikum til nýtingar ef rétt er að málum staðið og vilji til að skoða alla moguleika við skipulag vegna tiltekinnna þátta.

Toluvert er um að við afmorkun svæða til landnotkunar sé svæði með vistgerðum eða vistlendum, þ.e. vistkerfum, sem njóta sérstakrar verndar og óraunhæft er að ætla að framkvæmdir skerði ekki viðkomandi vistir. Á þetta t.d. sérstaklega við í tilfelli Eiðhúsa (VP-8) þar sem undir er að mestu óframræst votlendi.

Í aðalskipulaginu (bls. 15) er tekið fram að við skógrækt verði tekið tillit til verðmætra fuglasvæða líkt og í Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026. Ekki er logð fram frekari skilgreining á því hvaða verðmæt fuglasvæði er um að ræða né hvernig svæði til skógræktar voru valin með tilliti til þeirra.

Eins og áður hefur verið bent á hefur Náttúrufræðistofnun tekið saman fjolrit um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi og þar er Borgarfjörður-Mýrar-Longufjörur skilgreint sem slíkt (kortasjá: <http://vistgerdakort.ni.is/>).

Mikilvægi svæðisins er margþætt, sem varpsvæði en einnig sem mikilvægt vetrarsvæði, fellisvæði og fyrir fugla á fartímum (Kristinn H. Skarphéðinsson o.fl., 2016). Margar fuglategundir ná alþjóðlegum verndarviðmiðum í fjölda á svæðinu. Svæðið er mikilvægt fyrir margar tegundir fugla sem eru á válista, svo sem lunda, blesgæs, hafor, sendling, svartbak, himbrima og æðarfugl svo dæmi séu tekin (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>). Innan marka sveitarfélagsins eru sellátur, bæði hjá landsel og útsel (Gunnhildur I. Georgsdóttir o.fl., 2018). Tegundirnar eru báðar á válista, landselur þar flokkaður í bráðri hættu og útselur í nokkurri hættu (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>).

Tekið er fram í endurskoðuðu aðalskipulagi (bls. 40) að ekki sé vitað um tegundir á válista eða viðkvæm vistkerfi innan þeirra svæða sem skilgreind séu til að veita ferðafólki þjónustu á bújorðum. Að öðru leyti er ekki vikið að því hvort tillit verði tekið til tegunda á válista innan hreppsmarka. Í aðalskipulaginu er ekki fjallað um hvort farið verði í aðgerðir til að vernda eða raska ekki búsvæðum tegunda á válista finnist slíkar. Hafa þarf í huga að rask, meiri umferð og auknir gistimoguleikar ferðamanna á svæðinu geta haft áhrif á lífverur umfram afmorkuð framkvæmdarsvæði, s.s. aukin truflun á viðkvæmum tímum



(varp, fellir) og traðk á fæðusvæðum Því er nauðsynlegt að horft sé víðar en eingöngu innan skilgreindra nýtingarsvæða þegar verið er að meta áhrif á dýralíf.

Farið var yfir reiti í endurskoðuðum tillogum til aðalskipulags (<https://sites.google.com/alta.is/ask-em-augl/home>), tafla bls. 54-67) og skipulagsuppdráttur, loftmyndir og vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands notuð til að gera grein fyrir núverandi landnýtingu og mikilvægum landvistgerðum innan skipulagsreita eftir því sem við átti. Í excel skrá (20190322 athugasemdir v landvistgerda OKV) eru athugasemdir fyrir alla þá reiti á aðalskipulagi sem þorf þótti að skoða. Eftir endurskoðunina mætti benda á eftirfarandi þætti en einhverja þeirra var einnig fjallað um í fyrri umsogn stofnunarinnar:

- 1) Jarðhitavistgerðir. Í endurskoðuðum tillogum til aðalskipulags er nú bent á að taka þurfi tillit til mögulegra jarðhitavistgerða á skipulagsreitum við Laugagerði sem er vel. Jarðhitavistgerðir og sjaldgæfar tegundir þyrfti að kanna á þessum svæðum þar sem núverandi þekking á útbreiðslu þeirra er ekki nægjanleg.
- 2) Óraskað votlendi. Mikið er um votlendissvæði í hreppnum. Gildi votlendis er mikið, einkum fyrir lífríki s.s. sérstaklega fyrir fuglalíf, vatnsmiðlun og háan kolefnisforða í jarðvegi. Lítið er um samfellt óframræst votlendi á landsvísu og hafa slík svæði mjög hátt verndargildi. Gildi votlendis í hreppnum endurspeglast í stöðu svæðisins á náttúruminjaskrá þar sem óraskað votlendi á borð við Glámsflóa og Laxárflóa eru nefnd (nr. 214 á náttúruminjaskrá Vesturlands). Í tillogum Náttúrufræðistofnunar til B-hluta náttúruminjaskrár er lagt til að svæðið sunnan Snæfellsnesvegjar falli undir verndarsvæðið „Mýrar-Longufjorur“. Er svæðið valið vegna margra þátta m.a. vegna mikillar útbreiðslu starungsmýravistar sem er vernduð vistgerð samkvæmt Bernarsamningi eins og bent er réttilega á í tillogum til aðalskipulags, t.d. á bls. 13 og 30-31 Þar er jafnframt áréttað fyrir nokkra skipulagsreiti að votlendi skuli ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til við framkvæmdir. Hins vegar er óvíst að því verði komið við í sumum tilfellum eins og bent verður á síðar.
- 3) Framræst votlendi. Framræst votlendi er að jafnaði gjofult landbúnaðarland. Slíkt land ætti helst að nýta áfram í landbúnað og mögulega endurheimta ef nýtingu í landbúnaði er hætt og ekki fyrirsjáanleg. Óafturkræft rask votlendis, óframræsts eða framræsts, og umbreyting í byggingarland er ávallt óæskilegt út frá verndarsjónarmiðum og er það ástæða þessa að votlendi nýtur sérstakrar verndar, 61. gr. laga um náttúruvernd, eins og kunnugt er.
- 4) Skógrækt og votlendi. Votlendi á ekki að ræsa fram til skógræktar. Einnig er mjög umdeilt hve hentugt votlendi er fyrir skógrækt. Ef lítið er á skógrækt sem leið til að binda kolefni er ekki ráðlegt að ræsa fram votlendi sérstaklega fyrir skógrækt. Framræst votlendi losar kolefni úr jarðvegi og rannsóknir sýna að við endurheimt dregur mjög fljótt úr losun kolefnis þótt metanlosun aukist á móti (sjá t.d. rannsóknir Gunnhildar Evu G. Gunnarsdóttur, 2017, og Rannveigar Ólafsdóttur, 2015). Hvort losun kolefnis úr jarðvegi viðhaldist þegar land er nýtt til skógræktar og sé minni en binding í trjágróðri er enn lítið rannsakað. Niðurstoður úr verkefninu Mýrvið benda til þess að þegar aspartré eru í orum vexti sé kolefnisbúskapur vistkerfisins



Jákvæður (Brynhildur Bjarnadóttir, grein í handriti). Þó voru ekki gerðar beinar mælingar á jarðvegi. Jarðvegur votlendis er stærsti kolefnisgeymir í vistkerfum á Íslandi og uppsöfnun kolefnis í honum er ótakmorkuð til langtíma, gefið að land haldist blautt. Frekari rannsóknir á kolefnisbúskap framræstra mýra og mismunandi trjátegunda eru því æskilegar til að meta hvort skógrækt sé ákjósanleg í slíku landi.

Í tillogunum er tekið fram að skógrækt sé ekki heimil á góðu ræktarlandi“ (bls. 60, sjá einnig bls. 46). Gæti það átt við nokkra skipulagsreiti í hreppnum en þar er trjárækt þegar hafin. Sama ætti að gilda um allt óframræst votlendi að mati Náttúrufræðistofnunar.

- 5) Melar og mýrar Oft skiptast á blásnir melkollar eða holt með votlendi í lægðum inn á milli. Við framkvæmdir mætti reyna að koma því við að uppbygging fari fram á melum eða holtum sem væri æskilegt til að halda raski á votlendi í lágmarki. Það sama gæti átt við um skógrækt.
- 6) Nútímahraun Nokkrir skipulagsreitir liggja á eða við nútímahraun sem eru vernduð skv. 61. grein laga um náttúruvernd. Einnig er námavinnsla í nokkrum gjallgígum mynduðum á nútíma.
- 7) Sellátur. Skerir sunnan sandrifjanna eru mikilvæg sellátur og þarf að taka tillit til þess við mannvirkjagerð á þeim. Bæði útsel og landsel hefur fækkað mikið undanfarin ár og telst landselur í bráðri hættu við Íslandsstrendur og útselur í nokkurri hættu samkvæmt valista Náttúrufræðistofnunar (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendyr/valisti-spendyra>).
- 8) Annað Efnisnámur.

Skipulagsreitir – áhersluatriði-verndarsjónarmið

Hér fyrir neðan eru taldir fram skipulagsreitir í skipulagstillögunni sem ástæða þykir til að nefna og flokkaðir eru undir áður nefnda þætti: jarðhitavistgerðir, óraskað votlendi, framræst votlendi, skógrækt og votlendi, melar og mýrar, nútímahraun, sellátur og annað.

1) Jarðhitavistgerðir

Útbreiðslu jarðhitavistgerða og sjaldgæfra tegunda þarf að kanna sérstaklega fyrir eftirtalda reiti og jafnframt tryggja að skilmála aðalskipulagsins geri ráð fyrir því að í deiliskipulagi innan reitanna sé tekið fullt tillit til verndarsjónarmiða:

- AT-2 Kolviðarnes-Vlrækt.
- S-1 Laugagerðisskóli

2) Óraskað votlendi

Hér er um að ræða skipulagsreiti þar sem má finna óraskað votlendi og víðfeðmar votlendisvistir. Ef ráðist er í framkvæmdir á slíkum svæðum er fyrirsjáanlegt að votlendi verður raskað. Það þarf því að rokstyðja hver sé ástæða þess að það sé brýn nauðsyn að raska viðkomandi landi en ekki t.d. taka annað land undir viðkomandi skipulag: Þetta á við um:



- F-2 Grof. Óframræst samfelld votlendi milli Kleifár og Laxár með brokflóavist, starungsmýravist og tjarnarstararflóavist auk mólendisvistgerða, og tilheyrandi lífríki. Í texta á <http://geo.alta.is/em/kort.html> seigir: Allt að 16 hús Deiliskipulag geri grein fyrir tengingu við vegakerfi. Votlendi verði ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til. "Hér þarf að skoða hver hin brýna nauðsyn er og í því samhengi hvort ekki eru til heppilegri svæði og hvort framræsla sé í samræmi við markmið skipulagsins og t.d laga um náttúruvernd
- VP-8 Eiðhús. Reitur meðfram bókum Grímsár. Mikill meirihluti lands er óframræst votlendi með starungsmýravist og tjarnarstararflóavist. Sama athugasemd og við reit F-2
- VP-9 Laxárþakki. Reitur er meðfram bókum Laxár og innan Laxárþakkaflóa. Óframræst votlendi fer undir framkvæmdasvæði, einkum brokflóavist, starungsmýravist, gulstararflóavist og tjarnarstararflóavist. Gera má ráð fyrir húsbýggingum og vegalagningu í tengslum við framkvæmdina. Sama athugasemd og við reiti F-2 og VP-8.
- VP-11-sama athugasemd og við aðra reiti hér að ofan, auk þess er skipulagsreiturinn látinn ná út í sjó, Longufjörur. Á <http://geo.alta.is/em/kort.html> er eingongu minnst á flóðahættu vegna loftslagsbreytinga en að öðru leit ekki á vernd votlendis sbr. fyrri athugasemdir.

Jafnframt mætti benda á eftirfarandi svæði sem þarf að skoða vandlega m.t.t. framangreindra athugasemda, þ.e. staðsetningu framkvæmda m.t.t. votlendis þ.e. val á svæðum eftir gæðum votlendisins og endurheimtar votlendis:

- ÍB-3 Laugagerði íbúabyggð. Votlendi raskað að hluta Starungsmýravist og tjarnarstararflóavist. Liggur að Haffjarðará.
- VP-18 Kolviðarnes. Fyrirhuguð baðastaða á fremur lítið roskuðu votlendi, eitt hvað um starungsmýravist

3) Framræst votlendi

- F-4 Hrutsholt. Frístundabyggð áætluð f. 21 hús. Er á framræstu mýrlendi sem að hluta er í notkun en að hluta virðist ónýtt um einhvern tíma. Einhver hluti er starungsmýravist og gulstararflóavist auk mólendisvistgerða og melavista.
- F-12 Hrísdalur. Stok lóð fyrir 1 frístundahús. Á framræstu landi nytjað til túnræktar.
- F-17 Smáholt. Allt að 3 frístundahús. Framræst land sem nú flokkast sem mólendi á vistgerðakorti.
- ÍB-1 Miðhraun 2. Allt að 10 íbúðahús á 1-2 hæðum. Skipulogð á framræstu votlendi sem hefur verið nytjað. Uppbygging hafin.
- VP-13 Miðhraun 2. Allt að 20 frístundahús. Að hluta framræst votlendi nytjað sem tún.
- VP-15 Lækjamót. Fyrirhuguð allt að 4 frístundahús á framræstu votlendi.

4) Skógrækt og votlendi

- Við öll skógræktarsvæði á <http://geo.alta.is/em/kort.html> virðist vanta alla skilmála um að tekið sé fullt tillit til verndarsjónarmiða s.s. að votlendi verði ekki framræst vegna skógræktar.
- SL-2 Dalur. Melkollar og votlendi inn á milli vestan Vatnaleiðar. Syðri hluti svæðisins með óframræstu votlendi, mógrafir sýnilegar, starungsmýravist o.fl. votlendisvistgerðir



- SL-3 Dalur. Framfræst votlendi að hluta nytjað sem tún. Starungsmýravist, gulstararflóavist skv. Vistgerðakort.
- SL-4 Straumfjaraðrtunga. Að hluta framræst votlendi með nokkrum, litlum melum inn á milli, brokflóavist, starungsmýravist
- SL-5 Melkot. Framræst votlendi með starungsmýravist og tjarnastrarflóavist. Birkikjarr að vaxa upp á melum í grennd.
- SL-6 Miklaholtssel. Að hluta er framræst land nýtt til trjáræktar.
- SL-7 Rauðkollsstaðir. Að hluta er framræst land nýtt til trjáræktar.
- SL-10 Hrossholt. Rofnir melkollar í uppgræðslu/skógrækt, votlendisfláar á milli, sumir nýttir í skógrækt, inihalda m.a. brokflóavist, starungsmýravist og runnamýravist á láglandi.
- SL-11 Þverá. Nokkuð um starungsmýravist og nútímahraun í jaðri.

5) Melar og mýrar

Í allmörgum reitum einkennist land af þurrum melkollum og holtum í bland við votlendi í lægðum þar sem t.d. starungsmýravist og gulstararflóavist kemur fyrir. Á svona landi mætti haga framkvæmdum þannig að votlendi raskist ekki eða lítið og í sumum tilfellum er það tekið fram í tillögum til aðalskipulags. Tryggja þarf að settir séu réttir skilmálar út frá lögum um náttúruvernd við alla reiti. Dæmi um þetta eru skipulagsreitir:

- F-3 við Hjarðarfell
- F-5 við Borgarholt
- F-6 við Horgsholt
- F-14 Syðra Lágafell
- F-15 Ytra-Skógarnes
- VÞ-10 Homluholt
- VÞ-11 Stakkhamar
- VÞ-14 Lækjamót
- VÞ-16 Kolviðarnes

6) Nútímahraun

Nokkrir skipulagsreitir liggja á eða við nútímahraun sem gæta þarf að við framkvæmdir og skógrækt. Tryggja þarf að settir séu réttir skilmálar út frá lögum um náttúruvernd við alla eftirfarandi reiti:

- F-6 Horgsholt.
- E-20, 21 og 22. Ytri-Rauðamelur. Í tillögum er bent á ákvæði um framkvæmaleyfi.
- F-1 Þverá.
- F-6 Horgsholt.
- I-2 Grímsárvirkjun.

7) Sellátur

- ÓB-2 Eyjar og sker. Skerir eru mikilvæg sellátur, sjá fyrri ábendingar. Sjá vefsíðu NÍ <http://selalatur.ni.is/>



Fylgiskjal 1

16. apríl 2019

8) Annað

- E-10 og E-11, staðsetning á korti óljós. Aðgát skal hofð við gróið land.
- E-17. Óljós staðsetning á korti og náma ekki merkjanleg á loftmynd.

Heimildir

Brynhildur Bjarnadóttir, grein í handriti. Kolefnis og vatnshringrás í asparskógi á framræstri mýri á Suðurlandi. Óbirt gogn úr verkefninu Mýrviður.

Gunnhildur Eva G. Gunnarsdóttir, 2017. A novel approach to estimate carbon loss from drained peatlands in Iceland. MS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinendur Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Hlynur Óskarsson. 46 bls.

Gunnhildur Ingibjörg Georgsdóttir, Erlingur Hauksson, Guðmundur Guðmundsson og Ester Rut Unnsteinsdóttir 2018 Selalátur við strendur Íslands (pdf, 14,3 MB). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 56. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (pdf, 16,6 MB). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. Garðabær. Náttúrufræðistofnun Íslands. Rafræn útgáfa leiðrétt í maí 2018.

Rannveig Ólafsdóttir, 2015. Carbon budget of a drained peatland in western Iceland and initial effects of rewetting. MS ritgerð í Náttúru- og umhverfisfræðideild Landbúnaðarháskóla Íslands. Leiðbeinandi Hlynur Óskarsson. 51 bls